

PISTILL



Einar Már Guðmundsson

Af annarri afmælis-hátíð

Seinna sögðu sumir að þarna væri helvítis Rússunum rétt lýst.

Svona eru þessir djöflar. Ekki nóg með að njósna- og hneykslismál elti þá um allar jarðir heldur tæla þeir til sín ungmenni og espa gegn lögreglunni. Þó vissu flestir að fyrirfram datt engum í hug að sjálf afmælis-hátíð Rússnesku byltingarinnar ætti eftir að leysast upp í ólæti af versta tagi.

Dansgólf Templarahallarinnar, þar sem hátíðin fór fram, var blóði drifið og alþakið glerbrotum. Borðdúkar voru rifnir og gluggatjöld lágu á víð og dreif. Rotaðir menn sáust rólta á milli veggja.

Úr lögregluþíflnum á planinu var búið að rífa talstöðina en aftur í honum sátu þrír máttvana lögregluþjónar, gegnvotir af vodka. Rauð blikkljósinn vörpuðu bjarma yfir anddyri hallarinnar.

Það hafði ekki skipt neinum togum, þegar lögregluþíflinn hemlaði á planinu til að skilja í sundur tvo heildsala í áflogum skaut villtum skrífnum upp eins- og moldvörpum og réðist að bílnum.

Um leið teygði maður sig inn um hliðarrúðuna og reif burt talstöðina en ungmenni í hettuúlpum færðu lögregluþjónana í járn.

Þrír lögregluþjónar handjárn- aðir af trylltum skrif. Fregnin átti eftir að berast um borgina.

Á meðan maðurinn sveiflaði talstöðinni í kringum sig og sótdrukkin ungmenni, meira að segja tveir bindindismenn, gengu berserksgang í roðaslegnu myrkrinu frá sífrenu bílsins voru lögregluþjónarnir gjörsamlega sambandslausir við stöðina og vermdu sjálfir sætin í fanga-geymslu bílsins.

Bindindismennirnir höfðu setið í einu af hliðarherbergjum Templarahallarinnar og spilað á spil „þegar tvær fáklæddar stúlkur eru birtust og byrðu okkur áfengi.“ einsog þeir sögðu síðar.

En auðvitað er fráleitt að saka við Rússana.

Hvað gátu sjálf afmælisbörnin gert að því þó óboðnir gestir skytu upp kollinum? Sjálfur reyndi sendiherrann að hringja í lögregluna, í von um liðsauka, en vegna hins framandi raddhreisins taldi vaktstjórinn að um símaat væri að ræða og skellti á.

Sendiherrann taldi því hyggilegast að hann og landar hans hyrfu sem skjótast á braut.

Næg voru vandræðin fyrir. Skömmu eftir að hann tók við embætti var tveim háttsettum sendiráðsstarfsmönnum vísað úr landi eftir að þeir höfðu fengið róttækan hafnarverkamann til að

dulbúa sig sem náttúrufræðing og ljósmynda bandarísk hernaðar-mannvirki.

Sendiráðsstarfsmennirnir afhentu hafnarverkamanninum skruflýtant með innbyggðri myndavél; og hárkollu, anórak, alaphúfu og gönguskó, en af því þeir skildu eftir peninga á síma-borðinu runnu á hafnarverka-manninn tvær grimur og hann gaf sig fram við lögreglustjórann í borginni.

Sendiráðsstarfsmennirnir voru handteknir á afviknum stað skammt fyrir utan borgina. Fimm lögregluþjónar, sem allir leyndust í Moskvitchbifreið hafnarverkamannsins, gripu þá glóð-volga.

Þá höfðu froskmenn úr Grindavík fundið eldgamalt járn-adrasl með rússneskum áletrun-um í Hafravatni og sendiráðs-starfsmaður verið staðinn að verki við að dreifa myndum af sovéskum geimföllum meðal barna í nágrenni sendiráðsins.

Það tók því enginn léttúðar-bragur yfir sendiherranum þegar hann ók burt með starfslíði sínu, enda hafði afmælishátíðin, sem enduð var í skelfingu, farið vel af stað.

Matreiðslumenn, fimleika-fólk, hljóðfærleikarar og skemmtikraftar víðs vegar úr Sovétríkjunum streymdu að. Jafnvel gamlar væringar gleymdust. Blóðin kynntu sögu Sovétríkjanna, þjóðsöngurinn var leikinn í útvarpinu og sjón-varpið sýndi mynd um allar fram-farirnar frá því í byltingunni.

Lygn streymir Don var uppseld í bókabúðum.

Við eitt borð sátu ríkisstjórnin, forsetinn og biskupinn, við annað þingmenn úr öllum flokkum ásamt flokksbroddum sem ekki voru á þingi. Einnig mátti sjá síld-arsölumenn, verkalyðsleiðtoga, heildsala með umboð fyrir varn-ing frá sósíalísku ríkjunum, Þjóð-dansafélagið, Sinfóníuhljómsveitina, Lúðrasveit verkalyðs-ins, konur frá góðgerðafélögum, yfirmenn Pósts og síma, starfs-fólk ráðuneyta og sendiráða. Í upphafi voru bornir fram for-drykkir, léttvín með matnum, konfak með kaffinu og síðan ómælt vodka. Einn af ædstu mönnum templara í landinu var sannfærður sósíalisti og veitti undanþágu frá skilmálum hreyfingarinnar.

En svo skaut hinum óboðnu gestum upp. Þess vegna var talstöðin horfin og lögregluþjónar-nir járnaðar í bílnum, bindindis-mennirnir dottirnir í það og sendi-herrann flúinn af hólmi. Spurn-ingin er því: Hverjir voru þeir?

Fjölkyngitákn á Kjarvalsstöðum

Nína Gautadóttir opnar málverkasýningu á morgun

Ég er ekki galdranorn, þótt ég sé rauðhærð í þokkabót, segir Nína Gautadóttir listamaður, þegar blaðamaður Nýs Helgarblaðs spyr hana að því eftir að hafa séð öll hin framandi fjölkyngitákn sem eru viðfangsefni sumra verka Nínu á sýningunni á Kjarvalsstöðum sem opnar á morgun.

Táknin eru öll jákvæð til vendar og til góðs segir Nína. Tveir titlar mynda með íslensku rúnaletri eru t.d.: Þú munt eigi í sjó farast og Þú munt eigi í hel frjósa. Boðskapur mynda minna er allur jákvæður, inntakið er að bæta heiminn.


Egypskt stafróf

Verkin á sýningunni er öll unnin á undanföllum tveimur árum, og er uppspretta þeirra áhugi Nínu á skrift og táknriti, en hún notar rúnaletri, fornegyptsku og fjölkyngitákn í myndum sínum.

Titlar málverkanna eru margir fornegyptskar setningar, en ég sótti tíma í því máli í tvö ár, segir Nína. Hún segist að vísu hafa átt von á einhverju allt öðru en þeirri erfiðu og flóknu málfræði sem beidd hennar í náminu. Eftir að hafa notað eigin tákn í nokkurn tíma langaði hana að segja eitthvað. Nína hafði séð forn egypskt letur sem hún hélt að væri tákn, en kom svo í ljós að voru hljóðstafir. Ein myndaröðin á sýningunni er einmitt tuttugu og fjórir egypskir hljóðstafir. Auk þess notar Nína íslenskt rúnaletri og fjölkyngitákn sem hún kveðst hafa fundið í skrúddu eftir Skugga nokkurn. Þar tundaði höfundur ýmis fjölkyngitákn sem hann hafði safnað víða, m.a. á Vestfjörðum, auk þess fylgdu galdruppskriftir af ýmsu tagi. Þær segist listakonan ekki hafa prófað, en bókin var uppspretta þeirra tákna sem hún síðan notar í verkum sínum.

Skreytilist hirðingja

Ferill Nínu er óvenjulegur,



Öður til þriggja skrifta er verkið að baki Nínu Gautadóttur listamanns. Íslensk, egypskt og grísk tákn eru meðal viðfangsefna Nínu á sýningu hennar á Kjarvalsstöðum. Mynd: Jim Smart.

hún lauk hjúkrunarprófi frá Hjúkrunarskóla Íslands árið 1969, en ári seinna hélt hún til Frakklands í listnám. Eftir nokkurra ára nám við Listaháskóla Parísarborgar, stundaði Nína framhaldsnám í höggmyndun við sama skóla.

Að námi loknu segist Nína hafa unnið í ýmis efni, m.a. óf hún þykkt veggteppi. Þegar hún var í Afríku kynntist hún hirðingjum í Níger, sem notuðu leður múkið. Tjöldin voru gerð úr húðum, hnakkar, töskur og annað leðurkyns var allt fagurlega skreytt, og varð listkonan fyrir áhrifum af því. Á sýningu sem hún hélt nokkru síðar mátti sjá

prívíddarverk úr leðri. Síðan segist hún hafa farið aftur að mála.

Spurð um íslensk áhrif í verkum hennar, svarar Nína því til að heimurinn fari síminnkandi, og erfitt sé að gera sér grein fyrir því hvaðan áhrifin koma. Fyrir nokkrum árum sögðu margir að birtan, bláminn og litir verka hennar væru mjög íslensk. Þótt Nína búi og starfi í París, saknar hún oft náttúrunnar hér, og það hafi vissulega verið yndislegt að koma heim í tærleikann að þessu sinni.

Sýning Nínu í Vestursal Kjarvalsstaða stendur til 15. ágúst, og er opin daglega frá kl. 11-18.

BE

Listasafn Sigurjóns

Tvær fiólur

Sumartónleikarnir úti á Laugarnestanga halda áfram, næsta þriðjudagskvöld leika Gunhild Imhof-Hölscher og Hlíf Sigurjónsdóttir á fiðlur

Næstkomandi þriðjudagskvöld kl. 20:30 leika þær Gunhild Imhof-Hölscher og Hlíf Sigurjónsdóttir dúetta fyrir fiðlur á sumartónleikum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Á efnisskrá fiðluleikaranna verður Sónata nr. 6 í D-dúr eftir Jean-Marie Leclair, Svíta fyrir tvær fiðlur eftir Grazyna Bacewicz og Dúó nr. 1 í G-dúr opus 116 eftir Johannes (Wenzeslaus) Kalliwoda, auk þess leika þær Tíu stutta dúetta eftir Luciano Berio.

Gunhild Imhof-Hölscher ólst upp í Þýskalandi, og nam í æsku fiðluleik hjá föður sínum. Síðar lærði hún hjá bróður sínum Ulf Hölscher. Meðan á tónlistarnámi hennar stóð hlaut hún þrívégis

fyrstu verðlaun í landskeppni ungra tónlistarmanna (Jugend musiziert) í Þýskalandi. Árið 1970 var hún valin leiðari fyrir ríkishljómsveit ungra tónlistarmanna. Tveimur árum síðar hlaut hún styrk til náms í Bandaríkjunum við Julliard í New York. Þar var hún undir handleiðslu Ivans Galamians og Josephs Gingolds. Árið 1975 hlaut hún síðan styrk á ný, að þessu sinni frá Rheinland-Pfalz til náms í Parísarborg og vestan hafs.

Gunhild hefur unnið til verðlauna í alþjóðlegri keppni tónlistarmanna í Flórens, Vittorio Gui, og komið víða fram í einleik og sameik á sviði, og bæði í útvarpi og sjónvarpi. Hún er nú búsett í Sviss, þar sem hún starfar

sem einleikari og kennari.

Hlíf Sigurjónsdóttir er íslensktónleikagestum að góðu kunn. Hún fór til framhaldsnáms til Kanada og Bandaríkjanna í fiðluleik. Síðan hún lauk námi hefur hún starfað víða um heim, m.a. í Þýskalandi og Sviss. Undanfarið ár hefur Hlíf verið búsett í Reykjavík og tekið virkan þátt í margs konar tónlistarflutningi, auk þess kennir hún fiðluleik við Tónskóla Sigursveins.

Tónleikarnir á þriðjudaginn 17. júlí hefjast að vanda kl. 20:30. Í Listasafni Sigurjóns stendur enn yfir sýning á andlitsmyndum listamannsins. Safnið er opið um helgar frá kl. 14-18, og öll kvöld virka daga nema föstudaga kl. 20-22.